

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 20. október 2011 í máli nr. X-88/2011:

Sigurður Hreinn Sigurðsson

Maria Elvira Mendez Pinedo

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

gegn

Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.

(Bjarki Már Baxter hdl.)

Mál þetta, sem þingfest var 11. maí sl., var tekið til úrskurðar 30. september sl. Sóknaraðilar eru Sigurður Hreinn Sigurðsson og Maria Elvira Mendez Pinedo, Grundarstíg 4, Reykjavík.

Varnaraðili er Frjálsi fjárfestingabankinn hf., Lágmúla 6, Reykjavík.

Sóknaraðilar krefjast þess að viðurkennt verði að krafa þeirra um greiðslu málskostnaðar að fjárhæð 1.000.000 króna, samkvæmt dómi Hæstaréttar 14. febrúar 2001 í Hæstaréttarmáli nr. 604/2010, njóti rétt hæðar samkvæmt 110. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. við slitameðferð varnaraðila og að varnaraðila sé óheimilt að beita skuldajöfnuði við uppgjör kröfunnar. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar úr hendi varnaraðila að viðbættum virðisaukaskatti.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og að staðfestur verði skuldajöfnuður sem framkvæmdur var 16. febrúar 2011 á dæmdum málskostnaði í dómi Hæstaréttar í máli nr. 604/2010 að fjárhæð 1.000.000 krónur upp í vangreiðslur vegna láns sóknaraðila hjá varnaraðila samkvæmt veðskuldabréfi nr. 712986. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 23. júní 2009 var varnaraðila skipuð slitastjórn samkvæmt 101. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Innköllun vegna slitanna birtist fyrri sinni í Lögbirtingablaði 22. júlí 2009 og rann kröfulýsingarfrestur út 22. október 2009. Sóknaraðilar lýstu kröfum við

slitameðferð varnaraðila sem byggðust á því að þeir töldu sig eiga kröfur á hendur honum vegna ólögmætrar gengistryggingar lána þeirra hjá honum. Kröfum þeirra var hafnað af slitastjórn varnaraðila og ágreiningi um þær vísað til héraðsdóms til úrlausnar, sbr. 171. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 604/2010 frá 14. febrúar 2011 var komist að þeirri niðurstöðu að lán sóknaraðila hjá varnaraðila væru í íslenskum krónum bundin við gengi erlendra gjaldmiðla með ólögmætum hætti. Kröfum sóknaraðila um viðurkenningu krafna þeirra og fjárkröfum sem byggðu á því að lánin ættu að bera svokallaða LIBOR vexti var hafnað, en varnaraðili var dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði að fjárhæð 1.000.000 króna og kærumálskostnaður felldur niður.

Þann 16. febrúar sl. beitti varnaraðili skuldajöfnuði upp í vangreidda vexti vegna eins af lánum sóknaraðila hjá honum. Ágreiningur máls þessa snýst um það hvort varnaraðila sé skylt að greiða dæmdan málskostnað sem búskrófu, sbr. 3. tölulið 110. gr. laga nr. 21/1991, eða hvort honum hafi verið heimilt að gera málskostnaðinn upp með því að lækka skuld sóknaraðila samkvæmt ógreiddum lánessamningi þeirra.

II

Sóknaraðilar kveða kröfu sína um stöðu kröfu sinnar í réttindaröð við slitameðferð varnaraðila reista á því að krafan hafi orðið til í dómsmáli milli þeirra og slitastjórnar varnaraðila. Slíkar kröfur séu kallaðar búskrófur og falli undir 2. tölulið eða eftir atvikum 3. tölulið 110. gr. laga nr. 21/1991. Þær beri að greiða eftir því sem þær falli til. Sú krafa sem málið snúist um sé ákveðin af Hæstarétti og ætti því ekki að þurfa að deila um greiðsluskylduna.

Varnaraðili hafi ákveðið einhliða að færa fjárhæðina til frádráttar tiltekinni skuld sóknaraðila við hann. Sú krafa varnaraðila byggist á skuldabréfi sem varnaraðilar hafi ætíð haldið í skilum með því að greiða umkrafðar afborganir á réttum tíma, allt frá stofndegi kröfunnar. Af þeim sökum telji sóknaraðilar að ekki séu fyrir hendi skilyrði skuldajafnaðar. Ágreiningur sé til staðar um hvernig reikna beri kröfu varnaraðila út eftir að dómur hafi gengið í máli Hæstaréttar nr. 604/2010. Sá ágreiningur sé fyrst og fremst til kominn vegna ráðstöfunar varnaraðila á sakarefni í því máli, en hann hafi fallið frá þeirri kröfu sinni í málinu að dæmt yrði hvort endurútreikningur vaxta skyldi vera afturvirkur, allt til útborgunardags þess láns. Hafi því ekki verið dæmt um það atriði. Sóknaraðilar vísi því alfarið á bug að varnaraðili hafi átt einhverja gjaldfallna kröfu á hendur þeim sem hafi heimilað honum að greiða hinn dæmda málskostnað með skuldajöfnuði.

Þá benda sóknaraðilar á að þau hafi greitt af lánum til varnaraðila eins og þau hafi verið krafín um eftir beitingu skuldajafnaðarins, með fyrirvara um rétt til leiðréttinga. Þannig hafi lánunum verið haldið í skilum og annað standi ekki til.

Varðandi kröfu um málskostnað vísa sóknaraðilar til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

III

Varnaraðili telur hafið yfir vafa að skilyrði skuldajafnaðar hafi verið fyrir hendi þegar dæmdur málskostnaður hafi verið greiddur 16. febrúar sl. Kröfurnar hafi verið gagnkvæmar, sambærilegar, hæfar til að mætast, gildar og lögvarðar. Af niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr. 604/2010, sbr. einnig mál nr. 471/2010, leiði að sóknaraðilar hafi vangreitt af láni nr. 712986 frá apríl 2006 til júlí 2009. Þannig hafi myndast vaxtaskuld sem varnaraðila hafi verið heimilt að skuldajafna móti hinni dæmdu málskostnaðarkröfu í samræmi við almennar reglur.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 frá 16. september 2010 hafi verið tekist á um við hvaða vexti skyldi miða í þeim tilvikum er lán í íslenskum krónum hafi verið gengistryggt með ólögmætum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Komi þar meðal annars fram að óhjákvæmilegt sé „að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiði til þess að líta verði með öllu fram hjá ákvæðum sammingsins um vaxtahæð“. Síðan segi: „Í samningnum var ákveðið að skuld gagnáfrýjanda bæri vexti. Með því að þar greindum fyrir mælum um hæð þeirra verður samkvæmt framansögðu ekki beitt er óhjákvæmilegt að líta svo á að atvik svari hér til þess að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera.“

Í dómnum felist að gengistryggingarákvæði í lánsamningnum séu ógild frá upphafi og þar af leiðandi að vettugi virðandi. Það sama gildi um sammingsákvæði um LIBOR vexti þar sem „bein og órjúfanleg tengsl“ séu þarna á milli. Af þeirri ástæðu séu forsendur Hæstaréttar í málinu orðaðar með þeim hætti að „atvik svari hér til þess að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera“. Hafi það verið niðurstaða Hæstaréttar í málinu að lánsamningur Lýsingar hafi borið vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá stofndeggi sem skyldu á hverjum tíma vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir séu samkvæmt 10. gr. laganna. Í IV. kafla dóms Hæstaréttar í máli nr. 604/2010 sé vísað til dómsins í máli nr. 471/2010 sem fordæmis um vaxtahæð veðskuldabréfa sóknaraðila.

Í V. kafla dóms Hæstaréttar í máli nr. 604/2010 sé ítarleg grein gerð fyrir skjali sem sýni stöðu lána sóknaraðila hjá varnaraðila þann 17. janúar 2011 miðað við mismunandi forsendur. Sóknaraðilar hafi ekki gert tölulegar athugasemdir við skjalið, eins og fram komi í dómnum, og telji varnaraðili að sóknaraðilar séu bundnir af þeirri yfirlýsingu. Eins og fram komi á skjölum þar sem gerð sé grein fyrir stöðu lána hafi sóknaraðilar greitt afborganir af láni nr. 712986 frá fyrsta gjalddaga til 17. janúar sl., samtals 7.925.205 krónur. Þessar afborganir hafi tekið mið af hinni ólögmætu gengistryggingu og LIBOR vöxtum. Samkvæmt dómi Hæstaréttar hafi lán sóknaraðila hins vegar verið óverðtryggt og borið vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 38/2001 frá stofndeggi. Af því leiði að sóknaraðilar hefðu með réttu átt að greiða ríflega 14 milljónir króna í afborganir af

láninu á sama tímabili. Af þessu leiði að sóknaraðilar hafi vangreitt af láninu um sjö milljónir króna. Vangreitt hafi verið af láninu frá fyrsta gjalddaga þess í apríl 2006 til gjalddaga í júlí 2009. Hinum dæmda málskostnaði hafi verið skuldajafnað upp í þessar vangreiðslur, en kröfur vegna þeirra hafi stofnast og gjaldfallið á hverjum gjalddaga fyrir sig eða í síðasta lagi við uppkvaðningu dóms í máli Hæstaréttar nr. 604/2010 þann 14. febrúar sl. Varnaraðili veki sérstaka athygli á því að vangreiðslur sóknaraðila séu ekki dráttarvaxtareiknaðar og sé það sóknaraðilum ótvírætt til hagsbóta.

Varnaraðili geti ekki fallist á það með sóknaraðilum að skuldajöfnuðurinn hafi verið ótækur af þeirri ástæðu einni að sóknaraðilar hafi ætíð haldið skuldabréfinu í skilum með því að greiða umkrafðar afborganir. Í niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 604/2010 felist að forsendur afborganafjárhæða af skuldabréfinu hafi verið rangar vegna villu beggja aðila um raunverulega skilmála þess. Af sömu ástæðu sé ljóst að forsendur fyrir afborgunum sóknaraðila sem „fullnaðarafborgunum“ á hverjum gjalddaga séu rangar og brostnar. Á hvorn veginn sem á málið sé litið telji varnaraðili ljóst að sóknaraðilar hafi sannanlega vangreitt af láni sínu samkvæmt dómi Hæstaréttar í máli nr. 604/2010.

Um lagarök vísar varnaraðili til meginreglna samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga og rangar og brostnar forsendur og til meginreglna kröfuréttar um skuldajöfnuð. Þá er vísað til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og um málskostnað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Með dómi Hæstaréttar í máli sóknaraðila gegn varnaraðila nr. 604/2010 var varnaraðili dæmdur til að greiða sóknaraðilum 1.000.000 króna í málskostnað. Kröfum sóknaraðila um viðurkenningu krafna þeirra og fjárkröfum sem byggðu á því að lán þeirra ættu að bera svokallaða LIBOR vexti var hafnað í málinu. Þá var talið að lánin bæru vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort varnaraðili eigi gjaldfallna kröfu á hendur sóknaraðilum vegna láns nr. 712986 og geti þá greitt kröfu sóknaraðila um málskostnað með skuldajöfnuði.

Sóknaraðilar hafna því að varnaraðili eigi gjaldfallna kröfu á hendur þeim sem hafi heimilað honum að greiða málskostnaðinn með skuldajöfnuði. Þar sem þau hafi greitt allar þær afborganir sem varnaraðili hafi krafist eigi hann ekki frekari kröfu á hendur þeim vegna þeirra afborgana. Um fullnaðargreiðslur vegna hverrar afborgunar hafi verið að ræða og varnaraðila sé ekki heimilt að krefjast greiðslu aftur í tímann. Varnaraðili telur hins vegar af dómi Hæstaréttar leiða að endurreikna beri lánið frá útborgunardegi. Samkvæmt því hafi afborganir sóknaraðilar verið of lágar sem nemi rúmlega sex milljónum króna. Ekki skipti máli að sóknaraðilar hafi haldið láninu í skilum. Forsendur fyrir afborgun fjárhæða af skuldabréfinu hafi verið rangar vegna villu beggja aðila um raunverulega skilmála þess.

Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 604/2010 kemur fram að samkvæmt útreikningum varnaraðila á lánnum sóknaraðila, miðað við þær forsendur að lánin

séu óverðtryggð í íslenskum krónum og beri vexti samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, skorti á að full skil hafi verið gerð. Hefur varnaraðili lagt fram yfirlit með samanburði raunafborgana og afborgana í samræmi við þær forsendur sem sýnir fram á skuld sóknaraðila. Með vísan til þessa og niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 verður talið að varnaraðili eigi kröfu á hendur sóknaraðilum vegna láns nr. 712986 og að hún hafi gjaldfallið við gjalddaga hvernar afborgunar, enda var samið um reglulegar afborganir af láninu.

Sóknaraðilar telja að varnaraðili geti ekki krafist greiðslu af þeim þar sem fyrirvaralaus móttaka greiðslu fyrir hverri afborgun hafi verið fullnaðargreiðsla. Ljóst er að aðilar voru í villu um forsendur að baki lánasamningi þeirra. Töldu báðir aðilar að greiðslur sóknaraðila væru réttar í samræmi við ákvæði samnings þeirra. Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 604/2010 var hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að samningur aðila væri að hluta ógildur og að um vexti af láninu færi eftir 4. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 38/2001. Reistu aðilarnir útreikning afborgana á forsendu sem reyndist röng frá upphafi. Verður því talið að varnaraðili sé ekki bundinn við umkrafðar afborganir og geti krafist sóknaraðila um frekari greiðslur. Þar sem kröfur beggja aðila eru fallnar í gjalddaga, eru samkynja og virðast að öðru leyti hæfar til að mætast þykja skilyrði skuldajafnaðar vera fyrir hendi í málinu.

Að framansögðu virtu verður kröfum sóknaraðila um viðurkenningu á kröfu þeirra um að krafa þeirra um greiðslu málskostnaðar njóti rétthæðar samkvæmt 110. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila og að varnaraðila sé óheimilt að beita skuldajöfnuði við uppgjör kröfunnar hafnað, en fallist á kröfu varnaraðila um að staðfestur verði skuldajöfnuður sem fram fór 16. febrúar 2011 á málskostnaðinum upp í skuld sóknaraðila hjá varnaraðila.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir, eins og atvikum málsins er háttað, rétt að hver aðila beri sinn kostnað af málinu.

Barbara Björnsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp þennan úrskurð.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Kröfum sóknaraðila, Sigurðar Hreins Sigurðssonar og Mariu Elviru Mendez Pinedo, er hafnað.

Staðfestur er skuldajöfnuður sem framkvæmdur var 16. febrúar 2011 á dæmdum málskostnaði í máli Hæstaréttar nr. 604/2010 að fjárhæð 1.000.000 króna upp í vangreiðslur vegna láns sóknaraðila hjá varnaraðila, Frjálsa fjárfestingarbankanum hf., samkvæmt veðskuldabréfi nr. 712986.

Málskostnaður fellur niður.